

Tillaga til þingsályktunar

um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra að meta hvort og hvernig unnt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið á vorþingi 2021.

Greinargerð.

Sambærilegar þingsályktunartillögur voru áður fluttar á 139., 140., 148., 149. og 150. löggjafarþingi (64. mál) en voru ekki afgreiddar.

Víða um hinn vestræna heim hefur á undanförunum árum þeirri skoðun aukist fylgi að umhverfisvitund byrji í nærsamfélaginu. Slík samfélagsvitund sé nauðsynleg þar svo að hún megi verða að því afli sem fær samfélög til að breyta um stefnu í hinum mikilvæga mála-flokki sem umhverfismál eru.

Margar leiðir hafa verið farnar erlendis til að auka vitund fólks um umhverfisþætti. Þar má nefna flokkun sorps, takmarkanir á bílaumferð í miðborgum, bílastæðagjöld, mengunarskatta, gjöld sveitarfélaga á bílaeign og svo mætti lengi telja.

Á Íslandi er þessi hugsun fremur skammt á veg komin enn sem komið er þrátt fyrir að miklar framfarir, t.d. við flokkun sorps, hafi orðið í mörgum sveitarfélögum á undanförunum árum. Gjaldtaka sveitarfélaga vegna bílaeignar þekkist hins vegar varla nema þá helst í formi bílastæðagjalda og óbeint í formi gatnagerðargjalda. Á hinn bóginn hefur sveitarfélögum ekki tekist að stemma stigu við einkabílanotkun og Ísland er meðal þeirra landa þar sem einka-bílaeign er hvað mest á hvern íbúa. Almenningsamgöngur hafa að vissu leyti liðið fyrir þessa stefnu, sem og annar umhverfisvænn ferðamáti. Fyrir vikið eru nú á mjög mörgum íslenskum heimilum tveir eða fleiri bílar sem aftur krefst mikils kostnaðar hjá sveitarfélög- unum, í gatnagerð, viðhaldi gatna, landnotkun og annarri mannvirkjagerð sem tengist einka-bílnum. Loft- og hávaðamengun af völdum bíla er einnig ærin.

Tilgangur tillögu þessarar er að skoðað verði hvort og hvernig hægt sé að veita sveitar- félögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld. Þar yrði sérstaklega litið til þátta eins og gjalda vegna bílaeignar, notkunar á efnum (orkugjöfum, hreinsiefnum, spilliefnum o.s.frv.) sem hafa skaðleg áhrif á nærsamfélagið og starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á margvíslegri þjónustu við borgarana, sem oft tengist um- hverfisþáttum og hönnun nærumhverfis. Landnotkun sem bílaeign krefst er til að mynda mun meiri eftir því sem bílar eru fleiri. Í raun var ómögulegt fyrir sveitarfélögin að bregðast við með gjalddöku vegna þessa fram að því að umferðarlögum, nr. 50/1987, var breytt með lögum nr. 41/2017 og þeim veitt takmörkuð heimild til gjalddöku vegna notkunar stöðureita. Enn eru slíkri gjalddöku þó umtalsverð takmörk sett og hún skilyrðum háð. Áfram er kveðið á um þessa gjalddökuheimild í nýjum umferðarlögum, nr. 77/2019, sem leystu af hólmi lög nr. 50/1987 og tóku gildi 1. janúar 2020.

Stjórnvöld hafa sett sér markmið í baráttunni við loftslagsbreytingar og mörg sveitarfélög hafa sett sér stefnu um kolefnishlutleysi. Á hverjum tíma ber ráðherra umhverfis- og auðlindamála ábyrgð á framfylgd þeirrar stefnu. Því er mikilvægt að samráð milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra sé virkt í þessum efnum. Þannig má betur tryggja að markmið náist.

Með heimild til álagningar umhverfisgjalda væru möguleikar sveitarfélaga til að bæta umhverfið og styrkja gjaldstofna sína í því skyni auknir. Flutningsmenn þessarar tillögu telja mikilvægt að ráðherra láti kanna möguleika til þessa í núverandi lagaumhverfi og skili Alþingi skýrslu um athuginina á vörðingi.